

41. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði, 02.10 2012, kl. 13.30

Mættir voru: Jóhann Þórhallsson, Þorvarður Ingimarsson, Lárus Heiðarsson, Anna Jóna Árnarsdóttir og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita

2. Fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2013, fyrri umræða

3. Miðvangur 6

a) Verkfundargerð 20.09

b) Verkfundargerð 12.09

4. Vegaframkvæmdir

5. Endurskoðun aðalskipulags Fljótshrepps

Drög september að lýsingu verkefnisins og matslýsing

6. Landsskipulagsstefna

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 24.09

7. Aðalfundur HAUST 2012

8. Héraðsskjalasafn Austurlands, fjárhagsáætlun 2013

9. Bréf

a) Helgi Hallgrímsson dags. 19.09 og 05.09

b) Afrit af bréfi Fjarðarbyggðar til Matvælastofnunar dags. 12.09

c) EBÍ Brunabót dags. 17.09

d) EBÍ Brunabót dags. 13.09

e) Papafjörður ehf dags. 24.09

10. Umhverfisstyrkir

a) Þórhallur Þorsteinsson, Hóli

b) Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum

11. Fjárbeiðnir

Rokknámskeið 13.-14 og 27.-28.10 2012

12. Fundargerðir

a) Áætlunarferðir í Fljótshrepp 18.09

- b) Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 13.09
- c) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 12.09
- d) HAUST 12.09

13. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Forsvarsmenn smærri sveitarfélaga á starfssvæði SSA hittust á Breiðdalsvík 7. september. Oddviti mætti þar fyrir hönd Fljótsdalshrepps. Rædd voru ýmis hagsmunamál og um hvort ástæða væri til fyrir sveitarfélögin að koma sameiginlega fram varðandi þau og hafa samráðsvettvang. Ákveðið var að þróa samstarfið áfram.

Oddviti sat sem fulltrúi Fljótsdalshrepps aðalfund SSA á Borgarfirði 14.-15. September. Á fundinum voru fjölmörg mál til umræðu og afgreiðslu. Oddviti er áfram varamaður í stjórn SSA.

Menningarráð Austurlands hélt aukaaðalfund á Borgarfirði 14. september. Oddviti sat þann fund fyrir hönd sveitarfélagsins. Á fundinum voru gerðar breytingar á samstarfssamningi er varða Austurbrú ses, þannig að í 7. gr. samningsins, kemur orðið Austurbrú ses í stað SSA.

Eins og kveðið er á um í samstarfssamningi um Hallormsstaðaskóla kom oddviti nú að fjárhagsáætlanagerð skólans. Fjárhagsáætlunin er til umfjöllunar í skólanefnd mánudag 1. okt. Gert er ráð fyrir talsverðri hækkun launakostnaðar sem skýrist að mestu með ráðningu sérkennara sem samþykkt var s.l. vetur.

Útgefandi bókanna Flora Islandica og Íslenskir fuglar býður sveitarfélögum bækurnar á tilboðsverði.

Fljótsdalshreppur er meðaðili að 2 umsóknum um Vaxtarsamingsstyrki, þ.e. með ÚÍA (ofl) vegna umsóknar vegna hjólreiðakeppni umhverfis Löginn og Fljótsdalshéraði (o.fl)um vöruþróun og markaðsátak í ferðaþjónustu/verslun/vöruframleiðslu á Héraði.

Loftmyndir ehf vekja athygli sveitarfélaga á þjónustu sem þeir bjóða s.s. gerð lóða-og landamerkjauppdráttu.

Þjóðskrá Íslands hefur gefið út skýrslu um fasteignamat 2013 sem tekur gildi 31.12 2012. Í skýrslunni er lýst aðferðum sem beitt er við mat allra fasteigna.

2. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2013, fyrri umræða. Farið yfir fjárhagsáætluna og hún rædd. Vísað til annarrar umræðu.

3. Miðvangur 6

c) Verkfundargerð 20.09. Kynnt.

d) Verkfundargerð 12.09 . Kynnt.

Verktaki afhenti húsnæðið 17. sept. Heildarkostnaður er um 12% fram úr samningi vegna aukaverka og viðbótarefnis.

4. **Vegaframkvæmdir.** Vinna stendur yfir við veg í Norðurdal, einnig er byrjað á vinnu við reiðveg frá Végarði að Bessastaðaá og líkur eru á að vinna við heimreið í Víðivallagerði hefjist fljótlega.

5. **Endurskoðun aðalskipulags Fljótsdalshrepps**

Drög Landmótunar að lýsingu verkefnisins og matslýsing. Drögin kynnt. Landmótun stefnir á að halda íbúafund vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 23. okt.

6. **Landsskipulagsstefna.**

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 24.09. Óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024. Umsagnir þurfa að hafa borist til Skipulagsstofnunar eigi síðar en 20. nóv 2012. Skipulagsstofnun fyrirhugar að halda kynningarfundum í landshlutunum í október og verða þeir auglýstir síðar.

7. **Aðalfundur HAUST 2012.** Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og varaoddviti til vara.

8. **Héraðsskjalasafn Austurlands, fjárhagsáætlun 2013.** Áætlað framlag Fljótsdalshrepps er skv áætluninni kr. 599.827-. Sveitarstjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leiti.

9. **Bréf**

- a) Helgi Hallgrímsson dags. 19.09 og 05.09. Í bréfum Helga er komið inn á mög atriði er varða Fljótsdal og meðfylgjandi bréfum er skrá yfir örnefni í Rana og skýrsla yfir mannvistarminjar í Fljótsdal sem Helgi óskar eftir að fá að ljósarita í ca. 40 eintökum. Samþykkt að sveitarfélagið standa straum af kostnaði við fjölföldunina.
- b) Afrit af bréfi Fjarðarbyggðar til Matvælastofnunar dags. 12.09. Varðar sauðfjárveikivarnarlínu í Reyðarfirði. Kynnt.
- c) EBÍ Brunabót dags. 17.09. Tilkynning um styrkveitingu til Óbyggðasafns Íslands á Egilsstöðum í Fljótsdal, safnið hlýtur kr. 500 þús.
- d) EBÍ Brunabót dags. 13.09. Tilkynning um ágóðahlutagreiðslu Fljótsdalshrepps vegna ársins 2012 kr. 41.000-.
- e) Papafjörður ehf dags. 24.09. Papafjörður ehf. segir upp samingi um leigu á Laugarfellsskála. Uppsögnin tekur gildi 31.12.2012. Samþykkt að auglýsa skálann til leigu sem fyrst.

10. **Umhverfisstyrkir**

- c) Þórhallur Þorsteinsson, Hóli. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus vék af fundi.

- d) Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum. Samþykkt breyting á fyrri umsókn.

11. Fjárbeiðnir.

Rokknámskeið 13.-14 og 27.-28.10 2012. Sigríður Björnsdóttir sækir um fh. Fljótsdælska Handverksfélagsins, styrk vegna námskeiðs í spunakennslu. Sótt er styrk vegna kostnaðar við veitingar á námskeiðinu og kennara, u.þ.b. kr. 200.000-. Samþykkt styrkbeiðnin og að Fljótsdalshreppur leggi til húsnæði í Végarði fyrir námskeiðið.

Lárus kom aftur til fundar.

12. Fundargerðir

- e) Áætlunarferðir í Fljótsdal 18.09. Kynnt.
- f) Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs 13.09. Kynnt.
- g) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 12.09. Kynnt.
- h) HAUST 12.09. Kynnt.

13. Önnur mál.

Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. okt. nk. hefur enn ekki borist. Samkvæmt tölvupósti frá Þjóðskrá er viðmiðunardagur kjörskrár 29. september. Oddvita falið að yfirfara kjörskrána þegar hún berst, undirrita hana og auglýsa.

Fleiri ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)